

Ársskýrsla RMF

2012

Ársskýrsla, yfirlit yfir útgefið efni,
ráðstefnur og fyrirlestra



RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ
FERÐAMÁLA

Nokkuð bar til tíðinda við lok ársins 2011 en þá kom fram tillaga á fjárlögum um að RMF fengi 30 milljónir í þrjú ár. Í greinargerð með fjárlögum ársins 2012 kemur fram að framlag til Háskólans á Akureyri skuli þannig hækkað um 30 milljónir, gagngert til „að styrkja rekstrargrundvöll Rannsóknamiðstöðvar ferðamála“. Er framlagið ætlað „til þess að fastráða og fjölga starfsmönnum þannig að uppbygging þekkingar á þessu sviði verði á varanlegri og traustari grundvelli.“ (Greinargerð með fjárlögum 2012, bls. 260-261). Þetta aukna framlag kemur gegnum Mennta- og menningarmálaráðuneytið og tekið er fram að önnur framlög haldist óbreytt. Árið 2012 hófst því með nokkrum væntingum um meiri umsvif og getu miðstöðvarinnar til að sinna þeim verkefnum sem nauðsynleg eru til að efla þekkingu á íslenski ferðaþjónustu. Með þessari samþykkt er áfanga náð í baráttu RMF fyrir að komast á fjárlög sem staðið hefur sleitulaust frá hausti 2006. Samhliða þessu ákvað Háskóli Íslands að auka sitt framlag úr tveimur í þrjár milljónir á ári.

Í ljósi þeirra möguleika sem aukin framlög gefa hóf stjórn RMF undirbúning að ráðstöfun strax í upphafi árs 2012. Dagana 10. og 11. febrúar var boðað til stefnumótunar fundar á Hótel Natura í Reykjavík. Niðurstöður þess fundar er að finna í uppfærðri stefnumótun RMF fyrir árin 2012-2017 og finna má á vef RMF, www.rmfi.is. Hér að neðan er dregin saman kjarni meginmarkmiða og árangursþátta er varða RMF og skipulag hennar beint. Hvað varðar meginmarkmið þá voru þau:

1. Blómleg nýsköpun á grunni rannsókna og alþjóðlegs samstarfs.

Samantekið þá á Rannsóknamiðstöð ferðamála að gegna lykilhlutverki í þessari þróun með því að tengja saman fræðasamfélagið og ólíka hagsmunaaðila í ferðaþjónustu. Gegnum miðlun upplýsinga og rannsóknaniðurstaðna, sem byggja á rannsóknum fjölbreytts hóps framhaldsnema með ólíkan bakgrunn, verður fræðilegt og hagnýtt hlutverk RMF skýrt.

2. Farsæl þróun ferðamála fyrir land og lýð á grunni rannsókna

Kjarni þessa markmiðs er að þróun og uppbygging ferðaþjónustunnar byggi á rannsóknum til að ná settum markmiðum. Þannig á öflug gagnaöflun og rýni á þeim gögnum sem aflast, t.d. að nýtast fyrir vöruþróun og nýsköpun. Markmiðið er að rannsóknir séu framkvæmdar með þátttöku fræðasamfélagsins, atvinnugreinarinnar og samfélagsins.

3. Samræmd og skipulögð uppbygging sjálfbærrar ferðaþjónustu

Aukin áhersla skal vera á rannsóknir á sjálfbærri ferðaþjónustu sem efla skilning á áhrifum greinarinnar á hagræna, umhverfislega og félagslega þætti. Hér liggur til grundvallar samstarf við heimafólk og að traust ríki á rannsóknir og niðurstöður þeirra.

Afgerandi árangursþættir að baki þessum markmiðum eru þrjár og varða miklu um hvernig hægt er að ná þeim markmiðum sem talin eru að ofan:

1. Samhugur og samstarf í tengslaneti RMF frá 2012

Rannsóknamiðstöð ferðamála er skilgreind sem ný kynslóð rannsóknastofnana sem byggir á neti rannsækenda um allt land og á hugmyndafræði um gagnvirkt samstarf akademíu, atvinnulífs og opinberra stofnanna og fellur m.a. að triple helix hugmyndinni.

2. Öflugt rannsóknnaumhverfi í ferðamálum

Móta þarf skýra stefnu íslenskra stjórnvalda á sviði rannsókna í ferðamálum sem leggur áherslu á öflugt stoð- og styrkjakerfi og stóraukið fjárframlag til eflingar miðlægrar rannsóknamiðstöðvar.

3. Menntun, þekking og mannauður

Koma þarf upp gagnagrunnum allra fyrirliggjandi rannsókna í ferðamálum frá upphafi, þar sem öllum framtíðarrannsóknum er safnað. Þessi grunnur er jafnan öllum aðgengilegur til frekari úrvinnslu og greiningar, eða veitir upplýsingar um hvar hægt er að fá leyfi til slíks. Allir þeir sem koma að rannsóknum í ferðamálum starfa á sameiginlegum vettvangi þar sem verða til rannsóknateymi um afmörkuð verkefni, sem geta veitt tækifæri til rannsóknaleyfa fyrir kennara og aðkomu annarra sérfræðinga. Samstarfsvettvangurinn mótar meginlínur rannsókna en einstök verkefni styðjast við og eflast af rannsóknum og störfum framhaldsnema og miðast við alþjóðlega gæðastaðla háskólasamfélagsins. Við Rannsóknamiðstöð ferðamála verður kjarni alþjóðlegs hæfs fræðafólks, helgað þeim verkefnum sem skilgreind hafa verið fyrir miðstöðina og ferðamál í landinu almennt.

Stefnumótunarvinnan sem fram fór dagana 10. og 11. febrúar snéri einnig að því að skilgreina verkefni sem vinna skyldi innan ramma þessarar framtíðarsýnar. Voru þau skilgreind kringum:

- Stefnu, skipulag og samstarf RMF,
- Menntun, mannauður, þekking og gögn,
- Starfsskilyrði, fjármögnun, stoðkerfi og pólitísk sýn,
- Rannsóknir, vöruþróun, nýsköpun og markaðsstarf.

Helst stóð uppúr af verkefnum að efla PhD nám í ferðamálum og virkja útskrifaða nema til rannsókna, t.d. gegnum skilgreind ný-doktora (e. *Post Doc*) verkefni. Auka þarf fé til þessa og ganga frá styrktarsjóðum sem styðja verkefni og verkefna svið ferðamála, sem og grunninn sem RMF er. Að öðru leyti voru skilgreind 29 sérstök rannsóknarverkefni og þeim forgangsraðað.

Niðurstaða þessarar vinnu leiddi til þess að stjórn RMF ákvað að ráða hagfræðing til miðstöðvarinnar beint, en óskir ferðaþjónustu á Íslandi hafa verið mjög eindregnar í þá átt að efla greiningu hagtalna og öflun þeirra. Hinsvegar í ljósi þess að RMF er ekki eiginleg stofnun og í anda þess að um „nýja kynslóð rannsóknastofnanna“ væri að ræða, var ákveðið að auglýsa eftir verkefnum meðal þeirra sem starfa við þær stofnanir sem að RMF standa. Þannig verður RMF einskonar miðstöð í neti samstarfsaðila, sem starfa að skilgreindum verkefnum um allt land. Nánar verður vikið að þessum verkefnum hér að neðan í upptalningu rannsóknarverkefna.

Ársskýrsla 2012

Með ráðningu hagfræðings var ráðist í að opna skrifstofu RMF í Reykjavík á haustdögum 2012. Er hún á jarðhæð Öskju – náttúrufræðahúss Háskóla Íslands. Er starfsemi RMF því með formlegum hætti nú á Akureyri og í Reykjavík. Eru væntingar með þessu um samvirkni við rannsóknir í land- og ferðamálafræði við HÍ.

Starfsmenn á árinu 2012 voru:

Á Akureyri

Dr. Edward H. Huijbens, forstöðumaður 95%

Eyrún Jenný Bjarnadóttir, sérfræðingur 100% (kom úr fæðingarorlofi maí 2012)

Hörður Barðdal, sumarstarfsmaður (100%) júní og júlí

Jón Gestur Helgason, verkefnastjóri 50%

Í Reykjavík

Ása Margrét Einarsdóttir, sérfræðingur 100% (frá 1. ágúst 2012)

Eyrún Jenný Bjarnadóttir, sérfræðingur 100% (frá október 2012)

Dr. Helga Kristjánsdóttir, sérfræðingur 100% (frá 1. júlí 2012)

Stjórnarfundir á árinu voru þrjár: Aðalfundur var haldin 20. mars, vofundur að Hólum 29.-30. maí, haustfundur 28. september. Auk þess hittist stjórn í kringum stefnumótunavinnu 10.-11. febrúar.

Í stjórn RMF árið 2012 áttu sæti:

Dr. Rögnvaldur Ólafsson (Háskóli Íslands), formaður stjórnar

Hjalti Jóhannesson (Háskólinn á Akureyri), varaformaður

Fjóla Björk Jónsdóttir (Háskólinn á Akureyri)

Dr. Anna Dóra Sæþórsdóttir, (Háskóli Íslands)

Bjarnheiður Hallsdóttir (Samtök ferðaþjónustunnar)

Dr. Kristina Tryselius (Hólaskóli), tók við á aðalfundi af Guðrúnu Þóru Gunnarsdóttur

Dr. Guðrún Helgadóttir (Hólaskóli), tók við haustið 2012 af Kristínu

Oddný Þóra Óladóttir (Ferðamálastofa)

Rannsóknarverkefni ársins

Ný verkefni með nýju framlagi

Í kjölfar stefnumótunar RMF í febrúar 2012 var komið á fót verkefnasjóði og á vormánuðum 2012 bárust 11 tillögur að verkefnum frá aðilum innan opinberu háskólanna, sem þeir vildu vinna. Á vofundi stjórnar í lok maí 2012 var ákveðið að veita fé í fimm þessara verkefna, sem unnin skyldu á næstu þremur árum, eða fram á mitt ár 2015 innan ramma hinnar nýju fjárveitingar, en þau eru talin í töflu 2. Bakvið öll verkefni er ítarlegur samningur um framvindu, greiðslur og afurðir.

Tafla 1: Verkefni sem styrkt voru af stjórn RMF vorið 2012.

Verkefni	Tengiliður	Stofnun
Ferðaþjónusta og jaðarsamfélög - áhrif og afleiðingar	Guðrún Þóra Gunnarsdóttir	Háskólinn á Hólum
Þjóðhagslegur ávinningur ferðaþjónustu	Edward H. Huijbens	RMF
Þolmörk ferðamennsku	Anna Dóra Sæþórsdóttir	Háskóli Íslands
Sustaining Tourism in Protected Areas in Iceland	Þorvarður Árnason	Rannsóknasetur HÍ á Höfn
Ferðaþjónusta í byggðum landsins	Marianne Rasmussen	Rannsóknasetur HÍ á Húsavík

Ferðaþjónusta og jaðarsamfélög - áhrif og afleiðingar

Markmið rannsóknarinnar er annars vegar að skoða tilurð og sköpun áfangastaðar í jaðarbyggð og hins vegar hvernig það ferli hefur áhrif á skilning íbúa á heimabyggðinni, umhverfinu og samfélaginu. Mjög hefur verið litið til ferðaþjónustu sem nokkurs konar bjargvættis fyrir dreifðari byggðir, þar sem atvinnulíf hefur verið einhæft og þjónusta af skornum skammti en lítið er þó vitað um hvað gerist þegar svæði eða tiltekin staður verða áfangastaðir og þannig endurskilgreindir í ljósi þarfa atvinnugreinar sem er jafn margþætt og ferðaþjónusta.

Rannsókninni sinnir Guðrún Þóra Gunnarsdóttir, en um er að ræða PhD verkefni hennar.

Þjóðhagslegur ávinningur ferðaþjónustu

Verkefni RMF um þjóðhagslegan ávinning ferðaþjónustu tengist uppgjöri á ferðaþjónustu sem atvinnugrein og snýr að því að efla og styrkja ferðaþjónustureikninga. Þannig snýr verkefnið að því að greina heildstætt núverandi forsendur og skilgreiningar að baki ferðaþjónustureikningum Hagstofu Íslands, greiningu innviða og rekstrarumhverfis ferðaþjónustu og hvaða möguleikar eru á að tengja uppgjör reikningana við gistiskýrslur, landshlutauppgjör og ólíkar forsendur atvinnugreinarinnar eftir svæðum landsins. Þessi vinna ætti að geta lagt grunn að því að greina virðis- og framleiðslukeðjur greinarinnar og margfeldis áhrif. Auk þessa snýr verkefni að því að gera þær upplýsingar sem til verða úr þeim fjórum þáttum sem nefndir eru að ofan aðgengilegri þannig að þær nýttist fyrirtækjum og stjórnvöldum betur til upplýstrar ákvörðunartöku. Með aðgengileik er ekki aðeins átt við að hægt sé að nálgast upplýsingarnar heldur einnig að þær séu á því formi að fólk með sæmilega þekkingu skilji þær.

Verkefnið er fjórþætt:

1. Samkvæmt niðurstöðum ferðaþjónustureikninga á Íslandi er útflutningur á ferðaþjónustu mikilvægur þáttur í hagkerfi landsins. Meginheimild við mat á útgjöldum erlendra ferðamanna byggir á niðurstöðum úr þjónustujöfnuði (BOP) milli landa eða (e. *Classification of International Transactions in Services*). Aðferðafræði, skilgreiningar og hugtakanotkunin á að vera sambærileg milli þessara tveggja staðla en er það ekki í raun. Verkefnið mun greina mismun milli þessara tveggja mælinga og meta hvaða upplýsingar vantar til að hægt sé að uppfylla ýtrustu kröfur alþjóðlegra staðla.
2. Verkefnið mun einnig beina athyglinni að því að meta fjárfestingu í ferðaþjónustu. Í alþjóðlegri forskrift ferðaþjónustureikninga er lagt til að lönd birti yfirlit yfir fjárfestingu í ferðaþjónustu og beiti við það sömu aðferðum og beitt er við mat á framleiðsluvirði og vinnsluvirði í greininni.
3. Í þriðja lagi þá snýst verkefnið um að endurbæta og staðfesta núverandi hlutföll bakvið vinnslu og framleiðsluvirði ferðaþjónustureikninga. Í dag er gengið út frá því að tiltekið hlutfall af veltu fyrirtækja sé ferðaþjónusta og fer það hlutfall eftir því í hvað grein ferðaþjónustu fyrirtækið er eða hvernig það tengist greininni. Þessi hlutföll þarf að sannreyna og verður það gert í þessu verkefni gegnum nána samvinnu við verkefnið Ferðaþjónusta í byggðum landsins, sem nánar er fjallað um að neðan.
4. Í fjórða lagi mun verkefnið beina athyglinni að því að tengja rekstareiningar í gistináttagrundi Hagstofunnar við ÍSAT 2008. Samkvæmt hinni nýju reglugerð Evrópusambandsins (692/2011) um söfnun tölfræðilegra upplýsinga á gististöðum skal flokka upplýsingar í gistiskýrslum samkvæmt atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins NACE. Íslensk atvinnugreinaflokkun – ÍSAT 2008 – er byggð á þeirri atvinnugreinaflokkun. Hingað til hafa gististaðir í gistiskýrslum Hagstofunnar ekki verið flokkaðir eftir atvinnugreinum samkvæmt atvinnugreinaflokkun.

Rannsókninni sinnir Helga Kristjánsdóttir, sérfræðingur hjá RMF í samvinnu við Hagstofu Íslands.

Þolmörk ferðamennsku

Þessi rannsókn snýr að þolmörkum ferðafólks á fimm náttúruskoðunarstöðum á landinu þ.e. við Langasjó, Lónsöræfi, Skaftafell, Mývatnssveit og Jökulsárgljúfur. Jafnframt er skoðað hvernig þau hafa breyst á þeim rúma áratug sem liðinn er frá því þau voru rannsökuð síðast. Þessi rannsókn mun snúast um mat á því hvort tiltekin fjöldi gesta á fyrrnefndum stöðum og uppbygging ferðaþjónustu þar sé ásættanleg eða óásættanleg út frá sjónarhóli þeirra gesta sem sækja staðina heim. Með því verður upplýst um viðmið fyrir stefnumótun í ferðaþjónustu í anda sjálfbærrar þróunar.

Rannsókninni stýrir Anna Dóra Sæþórsdóttir við Háskóla Íslands.

Þróun sjálfbærrar ferðaþjónustu í Vatnajökulspjóðgarði

Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs (febrúar 2011) setur fram metnaðarfull markmið um samþættingu náttúruverndar, útivistar og byggðaþróunar. Meginmarkmið verkefnisins er að hanna, prófa og leggja mat á verklag til þess að leiða fram heildstæða,

sameiginlega stefnu um þróun sjálfbærrar ferðaþjónustu í Vatnajökulsþjóðgarði. Í hnotskurn felst verkefnið í myndun samráðsvettvangs stjórnenda og hagsmunaaðila, ásamt þróun á aðferðafræði samráðs, sem mun skapa grunn að því að gagnkvæmur skilningur og sátt skapist um framtíðaruppbyggingu ferðaþjónustu. Viðfangsefni verkefnisins og fræðileg nálgun er mjög í anda nútímahugmynda um stjórnun þjóðgarða, sbr. viðmið og leiðbeiningar Alþjóða náttúruverndarsamtakanna. Lagt verður gagnrýnið mat á árangur verkefnisins á hverju stigi og allar útkomur samráðsferilsins metnar með hliðsjón af fræðilegum viðmiðum. Þannig verður búið til fræðilega traust en jafnframt notendavænt skapalón til að leysa/fyrirbyggja ágreining um uppbyggingu ferðaþjónustu í þjóðgarðinum og grannbyggðum hans.

Rannsókninni sinnir Johannes T. Welling, en um er að ræða PhD verkefni hans. Honum til fulltingis er þorvarður Árnason hjá fræðasetri HÍ á Hornafirði.

Ferðaþjónusta í byggðum landsins

Rannsóknin er unnin á vegum Rannsóknaseturs HÍ á Húsavík í samstarfi við Rannsóknamiðstöð ferðamála og Þekkingarnet Þingeyinga. Meginmarkmið rannsóknarinnar er að leggja mat á efnahagsleg áhrif ferðaþjónustu í Þingeyjarsýslu. Heildaráhrifin verða metin með því að einangra hagstærðir við sýsluna með sértækri rannsókn. Tekjur sem eru tilkomnar vegna sölu á vörum og þjónustu innan ferðaþjónustunnar verða mældar auk þess sem fleyting tekna um staðbundið hagkerfi svæðisins verður sérstaklega athuguð.

Rannsókninni sinnir Lilja B. Rögnvaldsdóttir hjá fræðasetri HÍ á Húsavík. Henni til fulltingis er Helgar Kristjánsdóttir við RMF.

Rannsóknaverkefni styrkt af Icelandair Group

Í júní 2012 tilkynnti Icelandair Group að í tilefni 75 ára afmælis flugfélagsins Icelandair mundi það styrkja RMF um 5 milljónir á ári til þriggja ára gegnum Háskólann á Akureyri. Ákvað stjórn RMF í samráði við fulltrúa Icelandair Group að auglýsa alþjóðlega eftir álitlegum PhD eða Post-Doc nema og kallaði tiltölulega opið eftir verkefna hugmyndum. Í lok árs höfðu 14 hæfir umsækjendur sent inn tillögur og upplýsingar um sig. Er gert ráð fyrir að gengið verði frá ráðningu eins framhaldsnema við RMF til þriggja ára í upphafi árs 2013.

Kortlagning auðlinda ferðaþjónustu á Íslandi – pilot verkefni

Verkefnið snéri að kortlagningu auðlinda ferðaþjónustu neðan hálendislínu í Rangárþingi Ytra, Rangárþingi Eystra, Mýrdalshreppi, Skaftárhreppi og Ásahreppi árið 2012. Verkefnið er fjármagnað af Ferðamálastofu og er hugsað til undirbúnings kortlagningar auðlinda ferðaþjónustu á Íslandi öllu á tímabilinu 2011-2015, en röð svæða sem tekin verða fyrir liggur ekki fyrir. Verkefnið er unnið af Rannsóknamiðstöð ferðamála í samvinnu við Landmælingar Íslands.

Yfir verkefninu starfaði verkefnisstjórn sem hélt samtals fimm fundi á tímabilinu janúar til október 2012. Hana skipuðu:

- Edward H. Huijbens, Rannsóknamiðstöð ferðamála sá um verkefnisstjórn.
- Oddný Þóra Óladóttir, Ferðamálastofu sá um utanumhald og samskipti við sveitarfélög sem og ritun fundargerða.
- Eydís L. Finnbogadóttir, Landmælingum Íslands sá um ráðgjöf um kortavinnu og útfærslu gagnagrunna.

Ása Margrét Einarsdóttir, starfsmaður Rannsóknamiðstöðvar ferðamála, var starfsmaður verkefnisins og sat fundi hópsins.

Markmiðið með forverkefninu er að búa til gagnabanka þar sem safnað er í kortagrunn upplýsingum um þjónustu, aðdráttarafl og sérstöðu svæðisins. Þessi gagnabanki mun verða opinn heimafólki og hagsmunaaðilum í ferðaþjónustu og mun nýtast þeim sem vinna að uppbyggingu, skipulagi, stefnumótun, vörupróun og markaðssetningu ferðamála á svæðinu. Gagnabankinn er settur upp gegnum landfræðileg upplýsingakerfi (LUK), og er sambærilegur því sniði sem skipulagsgögn á landinu eru sett fram á. Með hagnýtingu landfræðilegrar upplýsingatækni er ferðaþjónustu þannig gert kleift að tjá hagsmuni sína með tækjum skipulags og landnýtingar hér á landi. Til að gögnin nýtist heimafólki og hagsmunaaðilum eru þau sett fram gegnum Google Earth. Landfræðileg upplýsingakerfi og framsetning gagnanna í Google Earth gefur möguleika á að leggja saman og bera saman söfn einstakra staka og gera ný kort sem eru ómetanleg þegar kemur að skipulagi og vörupróun. Með samlagningu korta er hægt að átta sig t.d. á hvar mest aðdráttarafl er af tiltekinni tegund og hvaða þjónusta er fyrir hendi samhliða, en einnig hvar vantar að skilgreina aðdráttarafl eða byggja upp þjónustu. Þannig er mögulegt að leggja grunn að og þróa vörupakka sem byggja á sérstöðu svæðisins.

Verkefnið er unnið með fulltingi Ferðamálastofu og verkefninu sinnir Edward H. Huijbens, forstöðumaður og Ása Margrét Einarsdóttir sem ráðin var til verksins.

Skemmtiskip við Íslandsstrendur

Í lok árs 2012 var mótað verkefni og samningur við Cruise Iceland um rannsókn á áhrifum af komu skemmtiskipa til Íslands. Markmið rannsóknarinnar er að skilja efnahagsáhrif af komu skemmtiskipa í hafnir landsins, áhrif þessara gestakoma á samfélög þar sem komið er að landi, sem og áhrif gestanna og skipanna á umhverfi í staðbundnu og hnattrænu samhengi. Verkefnið er unnið með ráðgjöf og aðkomu Önnu Karlsdóttur við Háskóla Íslands.

Verkefninu sinnir Edward H. Huijbens, forstöðumaður en gert er ráð fyrir að fá til starfa sérfræðinga á árinu 2013.

Rural Tourism Transport – trans tourism verkefnið

Á haustdögum 2010 hófst verkefni á vegum Norðurslóðaáætlunar Evrópusambandsins, sem RMF leiðir á Íslandi um þróun sjálfbærra samgangna í þágu ferðaþjónustu á jaðarsvæðum. Er markmið verkefnisins að þróa nýjungar í samgöngum fyrir svæði á jaðri norður Evrópu sem byggja afkomu sína á ferðaþjónustu að hluta eða öllu leyti. Er verkefnið unnið í samvinnu við Svía, Skota og Íra og mun leitast við að bæta net almenningsamgangna og upplýsingagjöf þar um í þágu ferðamennsku. Þannig stendur til að þróa:

- Nýjar leiðir fyrir ferðaþjónustu sem mætir árstíðarsveiflum og tengist flugsamgögnum
- Samnýting leiða fyrir flutning á mat til áfangastaða og sorphirðu og endurvinnslu frá áfangastöðum
- Notendavæna upplýsingagjöf gegnum netið og farsíma

Edward H. Huijbens sinnir þessu verkefni en áætluð lok þess eru haustið 2013.

Tourism, Wellbeing and Ecosystem Services (TObeWELL).

Evrópusambandið hvetur til samvinnu um rannsóknir og tækniþróun gegnum rammaáætlun sem nefnd er COST. Snemma í júní 2012 kom í ljós að Rannsóknamiðstöð ferðamála fékk ásamt fulltrúum frá vísindastofnunum 19 annarra Evrópulanda styrk úr þessari áætlun. COST verkefnið hófst formlega 25. júní og ber titillinn: Tourism, Wellbeing and Ecosystem Services (TObeWELL) og er vísað til innan COST sem IS1204 (sjá: http://www.cost.eu/domains_actions/isch/Actions/IS1204).

Verkefnið, sem leitt er af háskólanum í Exeter, snýst um að þætta saman hugmyndir um þjónustu vistkerfa með áherslu á lífkerfi, við aðra þætti mannlegrar tilvistar þá menningu, heilsu og vellíðan gegnum ferðamennsku. Verkefnið miðar að því að tengja saman rannsóknir á vellíðan sem byggja á þjónustu vistkerfa og notkun þeirra gegnum ferðamennsku, útivist og afþreyingu. Til grundvallar verkefninu liggur að skapa ný samvinnu rannsóknarverkefni um það hvernig ferðamennska getur bætt heilsu og vellíðan með samlífi við auðlindir náttúru og sjálfbæra nýtingu vistkerfa, um leið og reynt verður að leggja mat á virði slíkrar nýtingar. Þetta mun nást með samstarfi ólíkra rannsóknarstofnanna um alla Evrópu sem starfa munu saman á grundvelli fjögurra vinnuhópa. Sá fyrsti fjallar fræðilega um samband ferðamennsku, vellíðunar og þjónustu vistkerfa og leitast við að smíða hugtaka ramma um það. Annar hópur mun fjalla um aðferðafræðilegar áskoranir við að kynna sér þetta samband. Þriðji hópurinn mun skoða samhengi öldrunar, vellíðunar og þjónustu vistkerfa. Fjórði hópurinn mun skoða stefnumótun og hvernig niðurstöður hinna hópanna geta upplýst mótun heilbrigðisstefnu.

Edward H. Huijbens sinnir þessu verkefni og stýrir innan þess samræmingu vísindaferða eða sk. *short term scientific missions*. Klasi um heilsutengda ferðaþjónustu á Íslandi, Island of Health, er með RMF í verkefninu á fulltrúa á COST fundum. Áætluð lok verkefnisins eru haustið 2016.

ICT Toolbox in the experience economy

RMF í samstarfi við Markaðsstofu Norðurlands leiðir verkefni um leiðir og tæki í upplýsingatækni innan upplifunarhagkerfisins, sem styrkt er af Norrænu Nýsköpunarmiðstöðinni (NICE). Verkefnið fjallar um það hvernig ferðaþjónustufyrirtæki á Norðurslóðum geta nýtt sér upplýsingatækni til þess að koma vörum sínum og þjónustu á framfæri. Íslenski hlutinn snýr að mati á vefnotkun fyrirtækja í ferðaþjónustu á Norðurlandi. Verkefnið er til eins árs og verður mest unnið á vormánuðum 2013, en var undirbúið á árinu 2012. Verkefnið snýr að því að búa til verkfærakistu fyrir fyrirtæki í ferðaþjónustu um hvernig

Þau geta nýtt sér upplýsingatækni. Þátttakendur eru frá Noregi, Danmörku og Finnlandi auk Íslands. Verkbættir verkefnisins hér á landi eru þrír:

1. Skilgreining á fyrirtækjum sem verða í úttekt og kortlagning á vefmarkaðssetningu þeirra.
2. Greining á heimasíðum fyrirtækjanna eftir þróuðum greiningarramma verkefnisins og skoðun gesta fengin gegnum flugvallarkönnun RMF.
3. Könnun meðal ferðapjónustufyrirtækja sem eru í samstarfi við MN. Netkönnun um notkun internets í markaðstilgangi, tilfinningu um árangur, trú á samfélagsmiðla og notkun þeirra í markaðstilgangi.

Eyrún Jenný Bjarnadóttir sinnir þessu verkefni.

CEHTE: Challenges in Tourism and Hospitality Education

Rannsóknamiðstöð ferðamála hlaut í lok árs 2012 14.000 EUR Leonardo ferðastyrk. Markmiðið er að miðla gagnkvæmri þekkingu um ferðamennsku og uppbyggingu hennar í þáttökulöndum sem auk Íslands eru Grikkland og Pólland. Sérstök áhersla er á heilsu og vellíðan. Gildir styrkurinn frá 1. ágúst 2012 til 1. ágúst 2014. Áherslusviðin eru þrjú:

- Menntun í ferðapjónustu á náttúrusvæðum.
- Menntun í hótélrekstri og gestapjónustu.
- Menntun í ferðapjónustu þar sem ólíkir menningarheimar mætast.

Markmið samstarfsins er að greiða fyrir ferðum samstarfsaðila til að læra hver af öðrum. Ferðir sem standa áhugasömum til boða eru til Varsjár og Lublin í Póllandi og Zakhyntos í Grikklandi. Er um að ræða 6 tveggja daga ferðir fyrir tvo einstaklinga, þar sem í boði eru 1.150 EUR fyrir hvern einstakling. Þeir dagar sem standa til boða eru í töflu 3.

Tafla 3: Ferðadagar í boði Leonardo

2013		
	Dagar	Hvert
febrúar	lok	Lublin, Póllandi
maí	byrjun	Zakhyntos, Grikklandi
júní	3. vika	Lublin, Póllandi
október	lok	Lublin, Póllandi
2014		
	Dagar	Hvert
mars		Zakhyntos, Grikklandi
júní		Varsjá, Póllandi

Þeir sem fara þurfa að standa skil á námsmarkmiðum (fræðileg og hagnýt) fyrir kennsluáfangi er mæta þeim áskorunum sem borin verða kennsl á í samhengi ferðanna. Markmið með ferðunum er að leggja grunn að námskeiðum sem taka á álitamálum í samhengi við áherslusviðin þrjú.

Sinnir Edward H. Huijbens skipulagi ferðanna.

Brottfararkönnun á Akureyrarflugvelli

Gerð var brottfararkönnun meðal allra flugfarþega með flugi Iceland Express til Kaupmannahafnar um sumarið 2012 líkt og sumrin 2009, 2010 og 2011. Einnig voru allir farþegar í öllum brottförum með tengiflugi Icelandair til Keflavíkur spurðir, en frá júní til september loka bauð Icelandair flug með Fokker til Keflavíkur í tneglsum við millilandaflug seinnipart dags, fjórum sinnum í viku. Byggir þessi vinna á því sem gert er í Keflavík meðal brottfararfarþega á vegum Rannsókna og Ráðgjafar ferðaþjónustunnar, en ítrekaðar óskir um samstarf hafa borið árangur og viljayfirlýsing er í hendi. RMF hefur einnig sett saman yfirlit yfir allar rannsóknir RRF til þessa og til stendur að koma grunn gögnum öllum á samrýmanlegt form. Einnig leitaði RMF samstarfs við Ferðamálastofu um könnun sem unnin var 2012, en hún var keypt af Markaðs og Miðlarannsóknnum og liggur nú fyrir staðfesting á aðgengi að grunngögnum eftir þörfum. Að auki var komið á í lok árs samstarfi við ISAVIA um framkvæmd brottfararkönnunar í Keflavík, sem þeir munu annast allt árið í náinni framtíð.

Könnunin er sem fyrr gerð í samvinnu við ISAVIA, Viðskiptafræðideild Háskólans á Akureyri og sveitarfélög á Eyjafjarðarsvæðinu. Um var að ræða könnun meðal erlendra farþega í áætlunarflugi Iceland Express milli Akureyrar og Kaupmannahafnar og farþega í tengiflugi Icelandair á tímabilinu 7. júní – 30. september. Könnuninni var ætlað að kanna ferðavenjur, neyslumynstur og upplifun þeirra erlendu gesta sem fara frá Íslandi um Akureyraflugvöll og kortleggja ferðamynstur þeirra um Norðurland.

Tafla 1: Könnun og svarhlutfall í brottför millilandaferþega frá AEY

Könnun	Svör	Svarhlutfall (%)
2009	415	43,5
2010	398	51
2011	397	49
2012	596	48

Eyrún Jenný Bjarnadóttir og Edward H. Huijbens sinna þessu verkefni og mun skýrsla liggja fyrir í upphafi árs 2013.

Norðurslóðasamstarf

RMF er virkur þátttakandi í norðurslóðasamstarfi fræðafólks í ferðamálum með þátttöku í International Polar Tourism Research Network (IPTRN). Þetta hefur skapað fótfestu til þátttöku í mótun norðurslóðaáherslna Háskólans á Akureyri, en þar er fjölmörg verkefni og ýmsir samstarfsmöguleikar í mótun.

Útgefið efni 2012

Mynd 1 tekur saman útgefið efni til og með árinu 2012 í samhengi við fjölda starfsfólks og veltu. Neðan myndar eru taldar þær skýrslur, greinar og bókarkafnar sem starfsfólk RMF hefur gefið út á árinu 2012.

	Skýrslur	Bls	Hlutar af	Greinar	Starfsfólk	Fyrirlestrar	Fyrirlestrar á	Velta
		í skýrslum	öðrum skýrslum			innanlands	alþj. ráðstefnum	
2006	1	50	2	4	0,5	0	1	17
2007	3	186	2	7	2,5	6	4	18,5
2008	7	285	1	8	3,5	13	9	31
2009	6	475	0	14	3,5	15	14	29
2010	7	492	5	7	3,0	18	14	29
2011	4	287	2	10	2,0	12	12	20
2012	5	279	0	11	3,0	14	13	34,5
Samtals	33	2054	12	61		78	67	179

Mynd 1: Samantekt tölfraeði um útgefið efni og fyrirlestra í samhengi við veltu og fjölda starfsfólks

Alessio, D., Huijbens, E., Jóhannsdóttir, A.L. og Margaryan, L. 2012: Birtingarmyndir kyngervis og þversagnir í markaðsefni íslenskrar ferðapjónustu. *Íslenska Þjóðfélagið*, **3**: bls. 19-39.

Cunningham, P. Huijbens, E. & Wearing, S. 2012: Whaling or Watching: Twisting the sustainability rhetoric and possible outcomes. Í *Journal of Sustainable Tourism*, **20**(1): bls. 143-161.

Eyrún J. Bjarnadóttir 2012: *Millilandaflug um Akureyrarflugvöll – Könnun meðal brottfararfarþega sumarið 2012*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.

Gren, M. og Huijbens, E. 2012: Earth to Tourism! *Annals of Tourism Research*, **39**(1): bls. 155-170

Huijbens, E. 2012: Sustaining a village's social fabric? Í *Sociologica Ruralis*, **52**(3): 332-352.

Huijbens, E. 2012: Tourism System. Í P. Robinson (ritstj.) *Key Concepts in Tourism*. London: Routledge, bls. 254-256.

Huijbens, E. og Gren, M. 2012: Tourism, ANT and earthly matters. Í C. Ren, G.T. Jóhannesson og R. van der Duim (ritstj.) *Actor Network Theory and Tourism. Ontologies, Methodologies and Performances*. London: Taylor and Francis, bls. 146-163.

Huijbens, E. 2012: Polar Tourism. A tool for regional development. Í *Northern Review*. **35**: 199-201.

Huijbens, E.H. og Ása Margrét Einarsdóttir 2012: *Kortlagning auðlinda ferðapjónustu nær Fjallabaki*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.

Huijbens, E.H., Valtýr Sigurbjarnarson og Rögnvaldur Ólafsson 2012: *Rannsóknir á ferðamálum á virkjanasvæði við Þeistareyki – Niðurstöður umferðartalningar og könnunar á Þeistareykjum sumarið 2012*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.

Kristjánsdóttir, H. 2012: Exports From a Remote Developed Region: Analysed by an Inverse hyperbolic Sine Transformation of the Gravity Model. *The World Economy*, **35**(7): 953-966.

Kristjánsdóttir, H. 2012: Talking Trade or Talking Aid? Does Investment Substitute for Aid in the Developing Countries? *Open Journal of Economic Research*, **2**(2): n/a

Kristjánsdóttir, H. 2012: Substitution Between Inward and Outward Foreign Direct Investment. *Public and Municipal Finance*, **1**(2): 23-28.

Kristjánsdóttir, H. og Óskarsdóttir, S. 2012: What Determines the Inflow of Foreign Direct Investment? Í Daði Már Kristófersson (ritstj.) *Rannsóknir í félagsvísindum XIII*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, bls. 1-7.

Nilsson, P. Á. 2012: *Tourist background and local acceptance – A case study of tourists in Northern Iceland*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.

Enginn höfundur 2012: *Verkefni styrkt af verkefnasjóði RMF 2012-2015. Stutt lýsing á markmiðum og tilgang hvers verkefnis*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.

Fyrirlestrar og erindi 2012

Kynning Edward H. Huijbens á fræðslufundi Íslandsstofu um: Er öflug greining markhópa grunnur að auknum tekjum af ferðamönnum? Grand hótél, Reykjavík, 12. janúar.

Titill: Understanding Icelandic inspirations.

Kynning Edward H. Huijbens á vinnufundi CICERO: Land-Use Change in a Changing Climate: Farming Practices, Nature-Based Tourism, and Outdoor Recreation - Local Issues, Global Concern. Tromsø, Noregi, 1. febrúar.

Titill: Mapping tourism resources. planning nature-based tourism in Iceland.

Kynning Edward H. Huijbens á fundi Air 66N flugklasans: HVAÐ GERA ERLENDIR FERÐAMENN Á NORÐURLANDI? Hótél KEA, Akureyri, 9. mars.

Titill: Könnun meðal brottfararfarþega á Akureyrarflugvelli sumarið 2011

Kynning Edward H. Huijbens á aðalfundi Samtaka ferðaþjónustunnar, fundi gististaðanefndar. Hótél Nordica, Reykjavík, 22. mars.

Titill: Þróun gistingar í íslenskri ferðaþjónustu - Eftirspurn og framboð.

Opnunarávarp Edward H. Huijbens á vorráðstefnu Viðskiptafræðistofnunar HÍ 2012. Hátíðarsal Háskóla Íslands, Reykjavík, 23. mars.

Titill: Íslensk ferðaþjónusta – þekking og þarfir.

Kynning Birkir Hólm Guðnason, forstjóri Icelandair á 25 ára afmælisráðstefnu Háskólans á Akureyri. Miðborg, Akureyri, 13. apríl.

Titill: Þróun og horfur í ferðaþjónustunni.

Kynning Helgu Kristjánsdóttur á 6. Ráðstefnu um íslenska þjóðfélagið við Háskólann á Akureyri. Sólborg, Akureyri, 20. apríl.

Titill: The Nordic Countries in an International Comparison.

Kynning Edward H. Huijbens á 3. ráðstefnu International Polar Tourism Research Network (IPTRN) - From Talk to Action: How tourism is changing the Polar Regions. Nain, Nunatsiavut (Norður Labrador - Kanada) 17.-21. apríl.

Titill: Incorporating climate change in polar tourism product development.

NOITS Ráðstefna Helgu Kristjánsdóttur við Háskóla Íslands, 6. maí.

Titill: Pre- and Post-Crisis FDI in Iceland and Ireland, in an International Comparison: Gravity and Geography.

Þátttakendur: 20

Kynning Edward H. Huijbens og Ásu Margrétar Einarsdóttur á ráðstefna LÍSU samtakanna: Landupplýsingar frá almenningi. Hótél Nordica Hilton, Reykjavík, 15. maí.

Titill: Kortlagning auðlinda ferðaþjónustu á Íslandi. Frumverkefni í Rangárþingi Ytra, Rangárþingi Eystra, Mýrdalshrepp, Skaftárhrepp og Ásahrepp

Kynning Edward H. Huijbens á aðalfundi Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga. Hótel Reyhlið, Mývatnssveit, 18. maí.

Titill: Svæðaskipting í ferðaþjónustu og sameiginleg kynningarmál.

Kynning Edward H. Huijbens á 2. Nordic Conference for Rural Research – Rural at the Edge. Joensuu, Finnlandi, 21.- 23. maí.

Titill: The role of airports in regional tourism - a case from the periphery of Europe -

Kynning Edward H. Huijbens á stjórnarfundum Samtaka ferðaþjónustunnar. Borgum v/ Norðurslóð, Akureyri, 14. júní.

Titill: Um starfsemi Rannsóknamiðstöðvar ferðamála og framtíðarverkefni.

Kynning Edward H. Huijbens á International Geographical Union's Congress (IGU) – Down to Earth. Köln, Þýskalandi, 26.-31. ágúst.

Titill: Clusters without content? - Investigating Icelandic regional tourism policy.

Kynning Edward H. Huijbens á heimsókn norrænna framhaldsskóla í Háskólann á Akureyri. Miðborg, Akureyri, 14. september.

Titill: Icelandic tourism - challenges and opportunities.

Kynning Edward H. Huijbens á 13. Þjóðarspegli HÍ. Gimli, Reykjavík, 26. október.

Titill: Þjóðhagslegur ávinningur ferðaþjónustu á Íslandi.

Kynning Eyrún J. Bjarnadóttir á 13. Þjóðarspegli HÍ. Gimli, Reykjavík, 26. október.

Titill: Nýjar flugleiðir – nýir áfangastaðir

Kynning Helga Kristjánsdóttir og Stefanía Óskarsdóttir á 13. Þjóðarspegli HÍ. Gimli, Reykjavík, 26. október.

Titill: What determines the inflow of foreign direct investment?

Kynning Edward H. Huijbens á 21. Nordic Symposium of Tourism Research. Umeå, Svíþjóð, 7.-11. nóvember.

Titill: The materiality of tourist spaces: emerging destinations

Þátttaka Edward H. Huijbens í panel á 21. Nordic Symposium of Tourism Research. Umeå, Svíþjóð, 7.-11. nóvember.

Titill: Post-Graduate Programmes in Tourism – A Critical Discussion of Disciplinary and Curricular Aspects.

Kynning Edward H. Huijbens á ráðstefnu Ísland of Health. Reykjavík Natura, Reykjavík, 13. nóvember.

Titill: Yfirlit rannsókna vegna kynningar RMF fyrir íslenska heilsuklasann

Kynning Edward H. Huijbens á haustþingi Félags landfræðinga. RALA, Keldnaholti, 16. nóvember.

Titill: Ferðamál og landfræði.

Veggspjald Ásu Margrétar Einarsdóttur á haustþingi Félags landfræðinga. RALA, Keldnaholti, 16. nóvember.

Titill: Kortlagning auðlinda ferðaþjónustu.

Kynning Edward H. Huijbens á 11. OECD Global Forum on Tourism Statistics. Harpa, Reykjavík, 14.-16. nóvember.

Titill: Understanding seasonality in peripheral regions.

Örráðstefna RMF í hátíðarsal Háskóla Íslands, 10. desember.

Titill: Er komið nóg af gestum? Þolmörk, fjöldatakmörk og gjaldheimta.

Kynning Edward H. Huijbens fyrir flugklasa Air66N. Hótel KEA, Akureyri, 13. desember.

Titill: Nýjar flugleiðir – nýir áfangastaðir

Kynning Edward H. Huijbens fyrir stjórn Byggðastofnunar. Sauðárkróki, 14. desember.

Titill: Fjárfesting í ferðaþjónustu í dreifðum byggðum - vísbendingar sem horfa ber til -

Yfirlit ársins 2012

Að neðan er listi yfir helstu ráðstefnur, málþing, vinnufundi og verkefni sem Rannsóknamiðstöð ferðamála hefur verið beinn aðili að. Starfsmenn mættu á 8 alþjóðlegar fræðaráðstefnur víða um heim á árinu, auk þess að taka þátt í fjölda málfunda og fyrirlestra á vettvangi sveitarfélaga, ríkis og annarra hagsmunaðila í ferðaþjónustu.

Janúar:

5. Undirbúningsfundur vegna kortlagningar verkefnis
12. Fræðslufundur Íslandsstofu
13. UArctic thematic network fundur á Akureyri – masters of northern tourism
23. Kennsla við HÍ
25. Trans tourism verkefna fundur
30. Fundur um norðurslóðasamstarf

Í þessum mánuði var unnið að uppgjöri ársins 2011 og ársskýrslu. Unnið var að NPP trans tourism verkefni, undirbúning flugvallarkönnunar sumarið 2012 og lokafrágang skýrslu vegna könnunar 2011. Uppfærð umsókn vegna COST verkefnis var unnin sem og skipulag verkefnis um kortlagningu auðlinda ferðaþjónustu. Jaap Sijtsma sem lauk framhaldsnámi í ferðamálafræði við háskólann í Wageningen í Hollandi vorið 2012 hóf starfsþjálfun hjá RMF. Unnið að skrifum bóka um Íslensk ferðamál.

Febrúar:

1. Vinnufundur CICERO í Tromsø
- 10.-11. Stefnumótun RMF
16. Fundur með Íslandsstofu
22. Stjórnarfundur NAPA í Kaupmannahöfn
27. Fundur með erlendum blaðamönnum vegna landnýtingar og ferðamennsku.

Í þessum mánuði var unnið að stefnumótun RMF, NPP trans tourism verkefni, undirbúning flugvallarkönnunar sumarið 2012 og ráðningu starfsfólks þess vegna. Unnið var að skipulagi verkefnis um kortlagningu auðlinda ferðaþjónustu, sem og grein um notkun samfélagsmiðla í markaðssetningu fyrir þemahefti Journal of Destination Marketing and Management. Jaap Sijtsma fór í upphafi mánaðar. Unnið að skrifum bóka um Íslensk ferðamál.

Mars:

1. Fundur með Þróunarfélagi Austurlands vegna trans tourism
2. Kynning á niðurstöðum stefnumótunar
9. Kynning fyrir Air66N
13. Kennt við framhaldskólann að Laugum
14. Trans tourism fundur
16. Kortlagning auðlinda verkefna stjórnar og vinnufundur
20. Aðalfundur RMF
22. Aðalfundur SAF, afhending lokaverkefnisverðlauna og fundir í Reykjavík
23. Vorráðstefna Viðskiptafræðistofnunar HÍ.
28. Fundur með varasendiherra USA

Í þessum mánuði var unnið að bókarkafli um ANT og tourism, NPP trans tourism verkefni, undirbúning flugvallarkönnunar sumarið 2012 og vinna verkefnis um kortlagningu auðlinda ferðaþjónustu. Að auki var hugað að norðurslóðamálum og verkefnum aðalfundar RMF, sem og lokaverkefnisverðlaunum. Unnið að skrifum bóka um Íslensk ferðamál.

Apríl:

- 2. Heimsókn frá Færeyjum – styrkvinna til NORA
- 5.-9. Páskafri
- 13. 25 ára Afmælisráðstefna HA – málstofa um ferðamál.
- 15.-17. 3. IPTRN ráðstefnan í Nain - Labrador
- 24.-26. Verkefnafundur Trans Tourism

Í þessum mánuði var unnin auglýsing vegna verkefna sem RMF mun styrkja og unnið að bókarkafli um ANT og tourism. Samhliða var unnið að NPP trans tourism verkefni, verkefni um kortlagningu auðlinda ferðaþjónustu, undirbúning flugvallarkönnunar sumarið 2012. Unnið að skrifum bóka um Íslensk ferðamál.

Mái:

- 4. Kennsla við Menntaskólann á Akureyri
- 15. LÍSU ráðstefna í Reykjavík og verkefnafundur vegna kortlagningar verkefnis
- 18. Aðalfundur Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga
- 21.-23. Rural ráðstefnan í Joensuu í Finnlandi.
- 29.-30. Vorfundur stjórnar RMF

Í þessum mánuði var unnið að NPP trans tourism verkefni, verkefni um kortlagningu auðlinda ferðaþjónustu, skipulagi samstarfs við Ícelandair um rannsóknir og undirbúning flugvallarkönnunar sumarið 2012. Undirbúin var könnun og vinna á Þeistareykjum sumarið 2012. Unnið að skrifum bóka um Íslensk ferðamál.

Júní:

- 4. Fundur um Héðinsfjarðarverkefni og meistaravörn Gyðu Þórhallsdóttur
- 12. Fundur í trans tourism verkefni
- 14. Stjórnafundur SAF á Akureyri
- 18. Fundur með LV vegna vinnu á Þeistareykjum, stóri skipadagurinn í Reykjavík
- 19. Fundur með heimafólki vegna kortlagningar auðlinda ferðaþjónustu
- 21. Fundur með aðalsendiherra USA
- 27. Fundur með Guðrúnu Nordal um framtíðarsýn vegna RMF

Í þessum mánuði var flugvallarkönnun í framkvæmd, undirbúin könnun og vinna á Þeistareykjum sem og vinna við kortlagningu auðlinda ferðaþjónustu. Unnið var að ráðningu nýs hagfræðings og skrifum greinar um ævintýri Huang Nubo á Fjöllum. Hugað var að norðurslóðamálum. Unnið að skrifum bóka um Íslensk ferðamál.

Júlí:

- 3. Kynning fyrir University of West England við HA
- 5. Bílatalning vegna Héðinsfjarðarverkefnis
- 25. Fundur vegna skemmtiskipavinnu

Í þessum mánuði var flugvallarkönnun í framkvæmd og vinna á þeistareykjum sem og vinna við kortlagningu auðlinda ferðaþjónustu. Unnið að verkefni fyrir NPP og hugað að skrifum ýmissa greina og bókakafla vegna ársins 2013, sem og undirbúningur hafinn að vinnu við skemmtiskipaverkefni. Unnið að skrifum bóka um Íslensk ferðamál.

Ágúst:

- 4. Ferðamálin í Vikulokin á RÚV
- 12.-24. Sumarfrí
- 26.-30. IGU ráðstefna í Köln

Í þessum mánuði var flugvallarkönnun í framkvæmd og vinna á þeistareykjum sem og vinna við kortlagningu auðlinda ferðaþjónustu. Jafnframt var unnið að gagnaöflun og ýmsum skrifum.

September:

- 4. Netfundur í trans tourism verkefni
- 5. Fundir með lettnesku háskólafólki
- 11. Fundur með háskólafólki frá Bratislava
- 18. Vinnufundur á Egilsstöðum vegna trans tourism
- 19.-21. Rannsóknardagar RMF á Höfn
- 25. Fundur vegna kortlagningar verkefnis, kynning fyrir Hólanema og afmælisráðstefna Ícelandair.
- 28. Stjórnarfundur RMF

Í þessum mánuði var unnið úr könnunum sumarsins, unnið að NPP trans tourism verkefni, og gögn skoðuðu vegna kortlagningar auðlinda. Unnið að skrifum bóka um Íslensk ferðamál.

Október:

- 1. Fundur í Héðinsfjarðarverkefni og kynning á starfsemi RMF fyrir háskólaráð HA
- 11. Samráð við MN og ISAVIA um hvað skoða skuli vegna flugvallarkönnunar
- 22.-23. COST kick-off fundur í Brussel
- 26. Þjóðarspejill – ráðstefna um þjóðfélagsmál, ein málsstofa

Í þessum mánuði var unnið úr könnunum sumarsins, NPP trans tourism verkefni, og skipulagi styrkjamála vegna Ícelandair styrks. Einnig var unnið að frágangi samninga vegna verkefnastyrkja og bókarkafla um heilsuferðaþjónustu á Íslandi. Unnið að skrifum bóka um Íslensk ferðamál.

Nóvember:

- 8.-11. 21. Nordic Tourism Symposium

- 13. Fundur Ísland of health
- 14.-16. 11. Ráðstefna OECD um tölfræði ferðamála
- 16. Vorráðstefna félags landfræðinga
- 23.-24. Vinnusmiðja um blandaðar aðferðir við HA
- 25. Erindi forstöðumanns á heimspekikaffi Bláu Könnunar
- 30. Veffundur trans tourism

Í þessum mánuði var unnið úr könnunum sumarsins, NPP trans tourism verkefni, og skipulagi styrkjamála vegna Ícelandair styrks. Unnið að skrifum bóka um Íslensk ferðamál.

Desember:

- 10. Örráðstefna RMF í hátíðarsal HÍ – Er nóg komið af gestum?
- 13. Kynning fyrir flugklasa Air66N
- 18. Fundur um kerfi almenningssamgangna á Norðurlandi – trans tourism
- 21. Fundur með ISAVIA um kannanamál
- 24.-2. Jólafrí

Í þessum mánuði var unnið úr könnunum sumarsins, NPP trans tourism verkefni, og skipulagi styrkjamála vegna Ícelandair styrks. Unnið að skrifum bóka um Íslensk ferðamál og grein um ferðamennsku og loftslagsbreytingar.